

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur	21.04.-04.05.97	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, önnur	05.05.-11.05.97	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur	12.05.-30.06.97	ótilgr.	22,5	298

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. apríl 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

15. apríl 1997

Nr. 255

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Kjósarhreppi árið 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1997.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Á rekstrareiningu.....	kr. 11.000
Íbúðarhús	kr. 5.500
Jarðir sem eru ekki með búskap en eru nýttar eða eru með húsnaði sem er nýtt sem sumarhús/orlofshús	kr. 5.500
Sumarhús	kr. 2.500

3. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir